

AUKAÁRSFUNDUR ÍSLENSKA LÍFEYRISSJÓÐSINS 2009

haldinn að Hilton Reykjavík Nordica hótél, mánudaginn 28. september 2009, kl. 17:00.

Fundarstjóri: Ástráður Haraldsson, hrl.

Fundarritari: Ólafur Páll Gunnarsson.

Mætt var fyrir 3,1% af heildarinneign í séreignardeild og 1,17% af hlutfallslegri inneign í samtryggingardeild.

Lára V. Júlíusdóttir umsjónaraðili sjóðsins samkvæmt ákvörðun fjármálaráðuneytisins setti fundinn. Fram kom að hlutverk fundarins væri það eitt að taka afstöðu til framlagðra samþykktu Íslenska lífeyrissjóðsins. Lára rakti þær sérsöku aðstæður sem nú væru til staðar í sjóðnum. Fram kom að á ársfundi sjóðsins 2009 hefði verið samþykkt ályktun þar sem fram kom að halda skyldi aukaársfund eigi síðar en 30. september 2009. Fram kom að upphafleg skipun umsjónaraðila var til 30 júní 2009. Skipunartími umsjónaraðilans var framlengdur til 30. september 2009 og aftur framlengdur til 31. október 2009.

Umsjónaraðili kvað rekstur sjóðsins hafa gengið vel og þakkaði hún starfsfólki sjóðsins gott samstarf. Fram kom að þegar fundurinn hefði tekið afstöðu til framlagðra samþykktu yrðu þær sendar fjármálaráðuneytinu til staðfestingar.

Lára gerði að tillögu sinni að Ástráður Haraldsson hrl. yrði fundarstjóri og Ólafur Páll Gunnarsson ritari fundarins. Ekki voru gerðar athugasemdir við tillögu Láru.

Ástráður tók við stjórn fundarins og gerði grein fyrir fundarsköpum.

1. Breytingar á samþykktum Íslenska lífeyrissjóðsins

Lára tók aftur til máls og kynnti efnisbreytingar á samþykktum sjóðsins. Breytingarnar miða að því að ná fram markmiðum ályktunar sem samþykkt var á ársfundi sjóðsins 2009.

Lára gerði grein fyrir breytingum sem gerðar hafa verið á samþykktum sem birtar voru á netinu og varða skipun eins aðila af hálfu NBI hf. í stjórn sjóðsins. Tveimur vikum fyrir aukaársfundinn var birt frumvarp að nýjum samþykktum með tillögu um að sjóðfélagar kysu alla fimm stjórnarmenn sjóðsins. Umsjónaraðili ákvað hins vegar að falla frá því og lagði því fram nýtt frumvarp sem gerði ráð fyrir að NBI hf. skipaði einn stjórnarmann en sjóðfélagar veldu fjóra. Fram kom í máli Láru að hún teldi rétt að halda sig við upphaflegu tillöguna. Meiri sátt væri í því fólgin.

Lára vakti athygli á 42. gr. gildandi samþykktu um breytingar á samþykktum. Samþykktir beri að leggja fram tveimur vikum fyrir fund.

Þrátt fyrir umrætt ákvæði taldi hún að ekki hafi verið brotið á rétti neins. Féllust menn ekki á þessa málsmeðferð væri mögulegt að fresta fundi um eina viku.

Engar athugasemdir komu fram við þessa framkvæmd.

Kynning umsjónaraðila á fyrirliggjandi frumvarpi að nýjum samþykktum Íslenska lífeyrissjóðsins:

Umsjónaraðili kynnti breytingartillögurnar sem eru í meginatriðum eftirfarandi:

- Breytingar á samþykktum eru í samræmi við ályktun sem samþykkt var á ársfundi sjóðsins 20. maí 2009.
- Endurskoðun samþykktar skyldi miða að því auka sjálfstæði sjóðsins.

Markmið endurskoðunarinnar eru:

að stjórn sjóðsins verði að meirihluta til skipuð sjóðfélögum kjörnum á ársfundi en einn stjórnarmaður verði skipaður af Landsbankanum, að framkvæmdastjóri sjóðsins verði starfsmaður sjóðsins sjálfs, en ekki starfsmaður rekstraraðila sjóðsins og að greint verði á milli sameignardeildar sjóðsins og séreignardeildar.

Jafnframt eru lagðar til breytingar á uppsetningu samþykktanna.

Í tillögunum er skýr aðgreining á milli samtryggingardeildar og séreignardeildar og hnykk á því að sjóðfélagar geti aðeins kosið um breytingar á samþykktum í hlutfalli við inneign. Þannig geta sjóðfélagar sem eingöngu eiga réttindi í séreign ekki greitt atkvæði er varða breytingar 3. kafla samþykktanna, þ.e. um ákvæði er varða sameignardeildina.

Í máli umsjónaraðila kom fram að stærsta breytingin væri að stjórn sjóðsins yrði skipuð 4 mönnum og einum skipuðum af bankaráði Landsbankans (NBI hf.) Ný stjórn yrði þá að meirihluta skipuð fulltrúum sjóðsfélaga.

Hnykk var á því að hlutverk þessa fundar hafi verið að samþykkja samþykktir en hlutverk næsta aukársfundar í október að kjósa nýja stjórn sjóðsins.

Óskað var eftir tilnefningum til 12. október n.k. Tilkynt yrði á vefnum þann 13. október n.k. hverjir hafa gefið sig fram til stjórnarsetu.

Jóhann Páll Símonarson sagði sjóðinn vanta siðareglur. Vegna álitshnekkis sjóðsins og til að tryggja gegnsæi í störfum sjóðsins sé nauðsynlegt að setja honum siðareglur.

Þá vék Jóhann Páll að málum sem eru til rannsóknar sem tengjast sjóðnum og bar upp fjórar spurningar í því sambandi:

1. Hvað er að fréttar að máli Sigurjóns Þ. Árnasonar?
2. Landsbankinn vísaði öðru máli til FME – hvað er að fréttar af því?
3. Eru fleiri brot til skoðunar – hvað nöfn eru til rannsóknar?
4. Fyrir hversu miklu tapi hafa sjóðfélagar orðið?

Jóhann Páll ítrekaði að sjóðfélagar óskuðu þess að þessar upplýsingar lægju fyrir. Að lokum þakkaði hann Láru V. Júlíusdóttur gott starf.

Ingólfur Guðmundsson fyrrverandi stjórnarformaður rifjaði upp atburði síðasta ársfundar. Þá spurði hann umsjónaraðila sjóðsins um stöðu tryggingarmála vegna tjóns sem sjóðurinn varð fyrir vegna mistaka Landsbanka Íslands hf. Þá spurði hann um upplýsingar vegna tilfærslna á eignum í aðdraganda hruns.

Þorsteinn Fr. Sigurðsson lagði fram tillögu til breytinga á fyrirliggjandi tillögu. Breytingartillaga Þorsteins var svohljóðandi:

„Ég legg því fram breytingartillögu við grein 5.1 og grein 5.2:

Grein 5.1 er svohljóðandi skv. framkominni tillögu:

Stjórn sjóðsins skal skipuð fimm mönnum, fjórum kosnum af sjóðfélögum og einum skipuðum af bankaráði NBI hf.

Breytingartillaga: *Stjórn sjóðsins skal skipuð fimm mönnum sem eru sjóðsfélagar kosnir á ársfundi sjóðsins.*

Grein 5.2 23 svohljóðandi skv. framkominni tillögu:

Tveir aðalmenn einn varamaður skulu kosnir á ársfundi sjóðsins til tveggja ára í senn. Einn varamaður skal tilnefndur af bankaráði NBI hf.

Breytingartillaga: *Þrjú aðalmenn og einn varamaður skulu kosnir annað árið á ársfundi til tveggja ára í senn og tveir stjórnarmenn og einn varamaður hitt árið til tveggja ára í senn.*

Og til að koma nýrri stjórn á legg ég til breytingartillögu til bráðabirgða: *Á komandi auka ársfundi sjóðsins 19. október skal kjósa alla fimm stjórnarmenn og tvo varamenn í stjórn sjóðsins og skulu þeir þrjú sem flest atkvæðin hljóta verða aðalmenn til tveggja ára, næstu tveir verða aðalmenn til eins árs, sá sjötti varamaður til tveggja ára og sá sjöundi verða varamaður til eins árs. Atkvæðamagn bak við kjörna stjórnarmenn skal gefið upp.*"

Hörður Sigurgeirsson spurði umsjónaraðila um ástæður þess að fallið var frá upphaflegum breytingum.

Spurt var úr sal hvort bankaráð hefði fallist á fyrirliggjandi breytingar.

Gunnar Viðar framkvæmdastjóri lögfræðisviðs NBI hf. (Landsbankans) greindi frá því að bankinn myndi fallast á fyrirliggjandi tillögur þótt slíkt samþykki lægi ekki fyrir formlega. Gunnar vék að því hvað vaki fyrir Landsbankanum? Hver vegna einn mann í stjórn? Bankinn vilji skila sjóðnum með sæmd til sjóðfélaga. Minnti á að samkvæmt fyrirliggjandi frumvarpi að breyttum samþykktum þurfi til framtíðar ekki frekari samþykki af hálfu Landsbankans vegna breytinga á samþykktum. Þannig muni bankinn ekki hafa áhrif á samþykktarbreytingar með sama hætti og hingað til.

Ingólfur Guðmundsson vakti athygli á því að Almenni lífeyrissjóðurinn sagði upp rekstrarsamningi við Íslandsbanka (Gamla Glitni). Ekki hefði verið tekin sambærileg ákvörðun í stjórn Íslenska lífeyrissjóðsins. Gagnrýndi aðkomu núverandi stjórnenda Landsbankans að rekstri sjóðsins.

Helgi Bogason sagði að algjört vantraust ríkti á störfum bankastofnana á Íslandi. Sjóðfélagar ættu ekki neina samleið með nýju bönkunum. Ekki væri ljóst hver staða bankans yrði til framtíðar.

Árni Þór Árnason vísaði til orða Gunnars Viðar. Gamli og nýi bankinn væru sami bankinn.

Umsjónaraðili sjóðsins þakkaði málefnalega umræðu og svaraði framkomnum fyrirspurnum.

Varðandi spurningu Jóhanns Páls Símonarsonar sagðist Lára ekki þekkja mál sem eru til rannsóknar og gæti þ.a.l. ekki tjáð sig um þau. Hennar starf lyti eingöngu að rekstri sjóðsins.

Varðandi spurningu um tap sjóðfélaga vísaði Lára á Tryggva Guðbrandsson starfsmann NBI hf. (Landsbankans).

Varðandi spurningu um hæfi stjórnarmanna sjóðsins vísaði Lára á 31. gr. laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.

Um framkomna hugmynd um siðareglur sagði Lára að um þarfa ábendingu hafi verið að ræða. Þörf væri á að setja slíkar reglur en þær ættu ekki endilega heima í samþykktum sjóðsins.

Hvað varðaði hugmyndir Ingólfs Guðmundssonar um skil milli sjóðsins og Landsbankans þá taldi Lára slíkar breytingar þegar komnar fram.

Um spurningu Harðar Sigurgeirssonar vísaði Lára til þess sem áður kom fram. Taldi sig hafa fundið hinn gullna meðalveg. Hægt að taka skrefið í tvennu lagi. Ný stjórn gæti mótað tillögur um framtíðarskipan.

Um rannsóknina og mistök í bakvinnslu kvaðst Lára engar upplýsingar hafa fengið.

Tryggvi Guðbrandsson sagði varðandi ávöxtun að upplýsingar hefðu verið birtar á fundi í desember. Neikvæð ávöxtun um 20%.

Fram kom í máli Tryggva að mat á eignum hafi verið afar varfærið. Matið hafi verið rétt á þeim tíma en gríðarlega sársaukafullt.

Hvað kemur út úr þeim eignum sem eru í sjóðnum – það myndi tíminn leiða í ljós.

Fram kom hjá Tryggva að mál Sigurjóns P. Árnasonar snerti ekki Íslenska lífeyrissjóðinn.

Ástráður fór yfir formreglur sjóðsins og afleiðingar þess verði fyrirbyggjandi frumvarp að samþykktum sem umsjónaraðili lagði fram samþykkt.

Þorsteinn dró breytingatillögur sína til baka.

Greidd atkvæði um frumvarpi ð í heild sinni.

Niðurstaða:

Já	80,05%
Nei	18,77%
Auðir	1,18%

Ástráður lýsti frumvarp að samþykktum samþykkt.

2. Önnur mál:

Tillaga Jóhanns Páls Símonarsonar:

„Aukaársfundur Íslenska lífeyrissjóðsins ályktar að fela verðandi stjórn að setja sjóðnum siðareglur í fjárfestingum sem munu gilda um stjórnendur hans, það er að segja stjórnarmenn og daglega stjórnendur sjóðsins, þar sem gegnsæi verði fyrir sjóðfélaga.“

Tillagan var samþykkt einróma.

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi því slitið kl. 18:36